

Þing Fimleikasambands Íslands
Haldið í fundarsal ÍSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,
9.júní 2018

1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2018.

2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Arnar Ólafsson leggur til að Þórir Haraldsson verði þingforseti, Kristín Hálfðánardóttir og Íris Mist Magnúsdóttir þingritarar og að kjörbréfanefnd verði skipuð Kristni Arasyni, Kristínu Ívarsdóttur og Tönju Birgisdóttur. Þórir tilnefnir einnig Sólveigu Jónsdóttur sem annan þingforseta.

2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma.

Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt.

Þingforseti gagnrýnir stjórn Fimleikasambandsins fyrir að brjóta lög sambandsins með því að senda gögn ekki út á réttum tíma og leggur fram breytingu á dagskrá þingsins og hún verði löguð í samræmi við lög sambandsins. Gerir einnig athugasemd við að framkvæmdastjóri kynni skýrslu stjórnar en ekki formaður.

2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir og Tanja Birgisdóttir.

Þau fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.



4 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

4.1 Skýrsla stjórnar

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hún vísar í framlagða ársskýrslu FSÍ og minnir á, í tengslum við umfjöllun um EuroGym 2020, að fimleikar eru fyrir alla. Á 50 ára afmæli sambandsins er markmiðið að samkennd, samvinna og samstöða verði höfð að leiðarljósi. Mikil áhersla hefur verið á að styrkja innviði og ferla sambandsins og auka sýnileika.

Fer með ávarp formanns – kynnir stjórnina og þakkar þeim fyrir farsælt samstarf á starfsárinu

4.2 Tækninefnd kvenna

Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna vísar í skýrslu stjórnar um störf nefndarinnar og dregur saman það helsta í henni. Segir einnig frá nýju verkfæri sem TKV hefur gert fyrir mótshaldara, með leiðbeiningum um áhöld. Skorar á stjórn FSÍ að halda áfram að veita viðurkenningu fyrir að ná þrepum. Spyr þingið hvort skortur á tillögum í mótahaldi þýði að félögin séu ánægð eða hvort allir séu svona ánægðir með umgjörðina. Fjallar einnig um val á dómurum í erlend verkefni og gagnrýnir afreksstjóra fyrir afskipti af því. Fer yfir eigin reynslu og bendir á að hún hafi margt fram að færa til hreyfinguna. Þakka fyrir starfsárið sem að hluta var ánægjulegt en jafnframt ömurlegt. Aðrir nefndarmenn: Hlín Bjarnadóttir, Sandra Árnadóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Auður Ólafsdóttir.

Berglind þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

4.3 Tækninefnd karla

Formaður tækninefndar karla er Anton Þórólfsson en Sigurður Hrafn Pétursson fjallar um störf nefndarinnar og vísar í skýrslu stjórnar. Tekur sérstaklega fram að samstarf við stjórn hafi verið farsælt. Aðrir nefndarmenn: Sigurður Hrafn Pétursson, Axel Ólafur Þórhannesson, Zoltán Demény og Daði Snær Pálsson.

Sigurður þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

4.4 Tækninefnd í hópfimleikum

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður tækninefndar í hópfimleikum fjallaði sérstaklega um breytingar á reglum en vísaði að öðru leiti í skýrslu stjórnar.

Aðrir nefndarmenn: Tanja Birgisdóttir, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Kristinn Þór Guðlaugsson og Aníta Líf Aradóttir.

Bergþóra þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin, þjálfurum, dómurum og stjórn FSÍ sömuleiðis.

4.5 Fræðslunefnd

Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar flutti skýrslu fræðslunefndar.

Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Fanney Magnúsdóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir og Stefanía Eyþórsdóttir.

Hlín fór yfir það helsta í sögu og starfi fræðslunefndar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar. Fjallaði um komu Hardy Fink til landsins og það sem hann hefur kennt okkur og bendir á að passa þurfi að fimleikar séu kenndir í skólum og mikilvægi þess að búa til námsefni fyrir allskonar fimleika, ekki bara keppnislínuna. Leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að allir þjálfarar verði skyldaðir til að taka grunnkurs til að mega þjálfar og mikilvægi þess að fá toppþjálfara frá FIG og UEG til að halda námskeið hérlandis og hvetja þjálfara til að fara á námskeið á þeirra vegum erlendis.

Lokaorð: VIÐ VERÐUM að vinna gegn andlegum og líkamlegum heilsubresti og öllu misrétti og ofbeldi í íþróttum. Gæði, þekking, gleði, árangur og vellíðan eru einkunnarorð sem við þurfum að tileinka okkur. Verum fagleg og flott með fræðslu í forgangi.

Hún þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni, stjórn Fimleikasambandsins og starfsfólki ásamt félögunum sem veita nefndinni stuðning á svo mörgum sviðum.

4.6 Nefnd um fimleika fyrir alla

Guðrún Tryggvadóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla vísar í skýrslu nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn:

Guðrún fór yfir það helsta í starfi nefndarinnar, en skýrsla hennar er í skýrslu stjórnar.

Þakkar samstarfsfólki sínu í nefndinni fyrir störfin.

5 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

5.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna)

Arnar Ólafsson kynnir reikninga sambandsins og þakkar stjórn fyrir samstarfið.

Tekur fram að framsetningu var breytt til að endurspeglar betur starf sambandsins, reikningurinn hefur verið einfaldaður en á móti eru skýringar nákvæmari og að fyrirkomulag á færslu bókhalds hefur verið breytt með sama markmiði í huga.

6 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.

6.1 formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 13 fimleikadeildum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 21 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf með samtals 133 fulltrúum. 68 voru á kjörbréfalistum og 12 varamenn.

Við nafnakall voru 39 þingfulltrúar mættir, þingfulltrúar þurfa að vera á staðnum til að geta greitt atkvæði.

Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

13 félög sendu inn kjörbréf með 68 fulltrúum, skv nafnakalli voru mættir fulltrúar frá félögunum í samræmi við neðangreint:



Akureyri – 2	Gerpla – 4	ÍR – 1
Ármann – 6	Gróttá – 8	Keflavík – 1
Björk – 4	Höttur – 0	Selfoss – 6
Fjölnir – 2	ÍBV/Rán – 1	Stjarnan – 4

7 Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga

Sóley Stefánsdóttir frá Stjórnunni ræðir um ársreikning, fagnar auknum skýringum í reikningnum en gagnrýnir að hann hafi verið kynntur of seint. Óskar einnig eftir að rekstrargjöld séu sundurliðuð frekar. Þórir Haraldsson gagnrýnir ársreikninginn, að hann komi seint fram og einnig framsetningu hans þar sem ómögulegt sé að bera saman ársreikning fyrra árs og skýringar séu ekki nægilegar í því sambandi. Óska eftir betri skýringu á því afhverju launakostnaður eykst um 9 milljónir fram yfir fjárhagsáætlun. Haldbært fé minnkar um 5,7 milljónir og skammtíma skuldir aukast um 14 milljónir milli ára. Árangur glæsilegur, álit og sýnileiki meiri. Skattlagning á félög aukist vegna leyfiskerfis.

Ingibjörg Garðarsdóttir, Fimleikadeild Selfoss, tekur undir orð Þóris.

Arnar Ólafsson svarar, tekur undir orð fundarmanna um að þetta sé óásættanlegt, en telur að nýtt bókhaldskerfi muni leysa þetta vandamál í framtíðinni. Skýringarnar hefðu á einhverjum stöðum verið hægt að hafa með samanburði við áætlun en fyrri kerfi hafi ekki boðið upp á nægar upplýsingar. Ætlar að skoða betur hvað skýrir hækkun á launatölu en tekur skýrt fram að það sé ekki vegna hækkunar á launum starfsmanna, heldur snúi þetta að nýrri framsetningu og hálfu stöðugildi sem ráðið var í á árinu.

Fríða Rún Þórðardóttir – ÍR

- Grasrótastarf í ÍR
- Bjóst við að fá fimleikahús 2020 en þarf að bíða í 3 ár í viðbót
- Hrósar fyrir gríðarlega sterk nefndarstörf
- Fyrirlestur frá nefndum til fyrirmyndar
- Frjálsar í samkeppni við boltaíþróttir
- Hernig á að ná til fjölmiðla og að snúa okkur í afreksstarfi
- Fimleikasambandið fremst í flokki þar
- Náð að ráða einn starfsmann – 2 núna
- Há æfingagjöld, er yfirbyggingin of yfirgripsmikil? Velta því fyrir okkur
- Leyfiskerfið – frjálsíþróttasambandið er 1000 kr á haus.
- Fagnar tryggingunum
 - Sammála stjórn FSÍ um að þetta er e-ð sem ÍSÍ á að vera framarlega í og sérsamböndin ættu að koma og styðja undir þá umræðu.
- Skoðar hversu dýrt það er að reka fimleika. Fimleikar hjá henni dýrari en öll hin Fimleikafélögin. Hún er að missa iðkendur til annara félaga vegna aðstöðuleysis.

Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir

Varaformaður Gerplu, er í laganefnd FSÍ

- Óásættanlegt að reikningarnir hafi komið svona seint. Ákveða nú að lögum sambandsins verði fylgt.
- Sjá til þess þegar farið er yfir lög og reglugerðir að allt sé í samræmi við ÍSí.
- Ekki skýrsla frá laganefnd áðan.
- Þóra Hjaltested segir af sér sem formaður. Glæsislegt starf sem hún hefur unnið.
- Uppfærðar reglur sambandsins sem eru að fara að líta dagsins ljós á næstu dögum.
- Íþróttafélögin eru undir allskonar lögum eins og samkeppnislög gilda hjá okkur – ný persónuverndarlöggjöf – gildir líka um íþróttafélög.
- FSÍ óskað eftir uppl frá ÍSí – félög ekki bolmagn til að fara yfir allar stefnur og allt sem þarf að gera í þessum málum.
- Vonast til að ÍSí komi brátt með útskýringar og FSÍ fer með til félaga.

8 Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

Þingforseti leitar afbrigða frá lögum sambandsins, óskar eftir að þingið staðfesti að fyrirbyggjandi gögn fundarins verði tekin til umfjöllunar. Þing samþykkir með rúmlega 2/3 hluta atkvæða að gögni verði tekin fyrir.

8.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Þing samþykkir reikninga með rúmlega 2/3 hlutum atkvæða.

9 Fundargerð síðasta þings lögð fram til staðfestingar.

9.1 Fundargerð síðasta þings

Fundargerð síðasta þings sem haldið var í fundarsal Naustaskóla, Hólmatúni 2, 600 Akureyri, 28. maí 2017 var send formönnum félaga og liggur hér frammi. Fundargerð staðfest af þingheimi.

10 Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

10.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

Kosning formanna starfsnefnda þingsins:

Lagt er til að eftirtaldir verði formenn starfsnefnda þingsins:

- | | | |
|----|------------------------------|----------------------|
| a) | Fjárhagsnefnd | Arnar Ólafsson |
| b) | Mótanefnd | Íris Svavarsdóttir |
| c) | Nefnd um Fimleika fyrir alla | Guðrún Tryggvadóttir |
- Tillaga samþykkt.



11 Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og vísar til fjárhagsnefndar.

Starfsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

12 Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

13 Teknar fyrir tillögur sem lagðar hafa verið fyrir þingið og þeim vísað í starfsnefndir.

Þingskjal 1 er vísað til fjárhagsnefndar og þingskjali 2 til mótanefndar.

14 Starfsnefndir þingsins taka til starfa.

Þingskj	1	Tillaga að breytingu á mótagjaldi á FSÍ mótum	Fjárhagsnefnd
Þingskj	2	Tillaga að breyttu fyrirkomulagi á Íslandsmótshelgi í höllinni og deildarkeppni í hóp fimleikum	Mótanefnd
Þingskj	3	Fjárhagsáætlun	Fjárhagsnefnd
Þingskj	4	Starfsáætlun	Fjárhagsnefnd

15 Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda.

Mótanefnd:

Þingskjal nr. 2 var skipt upp í þingskjöl 2 og 5.

Þingskjal 2: Tillaga að breyttu fyrirkomulagi á Íslandsmótshelgi í höllinni

Tillagan er svohljóðandi:

„Lagt er til að nýta betur hina frábæru umgjörð sem tekist hefur að skapa í kringum Íslandsmót í Laugardalshöll undanfarin tvö ár. Mikil vinna hefur farið í viðburðinn fyrir í rauninni tvo nokkuð stutta mótshluta og teljum við vel mögulegt að nýta helgina betur.

Það að sjá alla okkar bestu keppendur (í hverju þrepi) í höllinni á einni og sömu helginni væri frábært. Hægt væri að byrja keppni á föstudegi og keppa allt fram á sunnudag.

Hugmyndin er ný af nálinni og íslenskum áhaldafimleikum til framdráttar að því leitinu að mótið mun auka sýnileika yngri fimleikafólks, auk þess að hjálpa okkur að gera Íslandsmót í höllinni að viðburði sem allt okkar efnilegasta og besta fólk myndi taka þátt í.

Mótanefnd leggur til að byrja smærra og hafa 4. og 5. þrep áfram með fyrra fyrirkomulagi en vísa því til tækninefnda og mótastjóra hvort 3. þrep og uppúr fari í Höllina.


Umræður:

Óskað eftir að samráð sé haft við þjálfara eftir að tillögur hafa verið mótaðar.

Þingskjal 5: Tillaga að breyttu fyrirkomulagi á deildarkeppni í hóp fimleikum

Tillagan er svohljóðandi:

„Lagt er til að sett verði upp deildarkeppni í hóp fimleikum. Í deildarkeppninni verður eingöngu keppt í A deild hvers flokks. Á mótinu verða veitt verðlaun fyrir deildarmeistara tiltla og 1. – 3. sæti í hverjum flokki. Keppt verður á einum heilum keppnisdegi. Nauðsynlegt er að halda mótið í húsnaði þar sem að við værum með tvöfalda keppnis uppsetningu. En það gerir það að verkum að keppnin verður þétt og líklegra er að áhorfendur verði í húsin allann daginn. Viðræður þarf að hefja við RÚV um útsendingu frá viðburðinum. Hér má sjá hvernig tímabilið mun líta út hjá öllum flokkum og aðdragandi mótsins:“



Afgreiðsla: Tillögunni er vísað til mótastjóra og tækninefndar í hóp fimleikum til frekari útfærslu.

Umræður/athugasemdir:

Áhyggjum list á því að þetta sé mikið af mótum á stuttum tíma. Væri hægt að hafa mótin dreifðari.

Bent á að 1. flokkur eigi frekar heima með meistaraflokk tímabilslega séð.

Jafnræði við áhaldafimleika, þar eru 4 mót.

Það þarf kött til að þetta gangi upp, vinna sér keppnisrétt á lokamóti. Þannig er það líka í öðrum íþróttum.

Óskað eftir að samráð sé haft við þjálfara eftir að tillögur hafa verið mótaðar.

Nefnd um Fimleika fyrir alla

Spurt um afmælisnefndina og afmælisýningu hvort að fimleikar fyrir alla fengu pláss á henni

- Hvort að hún verði fyrir alla?
 - Fatlaðir

- Aldraðir
- Börn
- Tilmæli um að hún verði fyrir alla.

Tillögur að því hvernig við náum til fólks í fimleikar fyrir alla:

- **Nýta salina fyrri partinn**
 - Hafa fyrir eldri borgara á daginn
 - Samstarf við félag eldri borgara
 - Mömmuleikfimi
 - Crossfit
 - Styrktarþjálfun
 - Morgun og hádegisæfingar
- **Vinna með öðrum íþróttum**
 - Bjóða upp á teygjur og styrktaræfingar fyrir fótbolta
 - Vera í samstarfi við aðrar íþróttagreinar
 - Fimleikar grunnur að öllu
- **Hafa sýningarhópa í félögunum 1x í viku – félagslegt og gaman**
 - Stefna að því að hafa sýningar fyrir sýningahópa 1-2x á ári
 - Sýna á vorsýningum, 2x sýningum frá FSÍ og fara út að sýna + eurogym/gymanstrada/goldeage
- **Ná til fólks sem er að bíða eftir börnunum sínum – stundi hreyfingu á meðan**
 - ÍR gerði tilraun til þess en fannst það ekki ganga upp
- **Parkoor**
 - Ná til snjóbrettafólksins – komið til okkar og lærið ný trix.
 - Jaðaríþróttafólks
 - Hafa námskeið fyrir Parkoor – setja púður í það
 - Byrja það strax
 - Taka þetta fyrir á formannafundi

Koma fleirum á Golden Age, Gymnastrada og EuroGym

Hafa fimleikar fyrir alla á unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn

- Talað um hvað fór fram á síðasta unglingalandsmóti
- Mikil ánægja með kynningu frá Sæunni

Koma betur upplýsingum til lítilla félaga út á landi í sambandi við fimleika fyrir alla

- Hvert á að leita til ef það vantar áhöld
- Tengja saman félög – gera vinafélög

Heimasíða

- Setja inn öll félög á Íslandi + kort + hvað er kennt + aðstaða



Auka til Sólveigar:

- Verið að selja stúku

Fjárhagsnefnd

Þingskjal 1

Tillaga að breytingu á mótagjaldi á FSÍ mótum

Tillagan er í viðhengi 1

Þingskjal 3

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er í viðhengi 2

Þingskjal 4

Starfsáætlun

Starfsáætlun er í viðhengi 3

16 Atkvæðagreiðsla um tillögur úr nefndum:

Mótanefnd

Þingskjal 2

Tillaga að breyttu fyrirkomulagi á Íslandsmótshelgi í höllinni og deildarkeppni í hóp fimleikum

Tillögunni er vísað til mótastjóra og tækninefnda í áhaldafimleikum til frekari útfærslu.

Þingskjal 5

Tillaga að breyttu fyrirkomulagi á Íslandsmótshelgi í höllinni og deildarkeppni í hóp fimleikum

Tillögunni er vísað til mótastjóra og tækninefndar í hóp fimleikum til frekari útfærslu.

Fjárhagsnefnd

Þingskjal 1

Tillaga að breytingu á mótagjaldi á FSÍ mótum

Fimleikaþing samþykkir að vísa tillögunni frá.

Þingskjal 3

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsnefnd leggur til að áætlun sé samþykkt með heimild stjórnar til að leggja fram endurskoðaða



áætlun á formannafundi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Þingskjal 4

Starfsáætlun

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

17 Kosningar

Kosnir meðstjórnendur og varamenn til eins árs.

17.1 Kosning stjórnar

Eingöngu er kosið um 3 sæti meðstjórnenda og 2 sæti varamanna og eru þeir sjálfkjörnir þar sem Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Þór Ólafsson og Hulda Árnadóttir eru ein í framboði. Guðrún Tryggvadóttir er ein í framboði til varastjórnar.

17.2 Aðrar kosningar.

- a) Val fulltrúa á Íþróttaping
Vísað til stjórnar*
- b) Skoðunarmenn reikninga
Jochum Marth Ulriksson
Hafsteinn Þórðarson*
- c) Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.
Vísað til stjórnar*
- d) Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til eins árs.
Þóra Hjaltested biðst undan störfum og Guðrún Björk Bjarnadóttir er kjörin í hennar stað til eins árs.*

18 Önnur mál

Fanney Magnúsdóttir, formaður Fimleikadómarafélags Íslands, óskar eftir að Fimleikadómararfélagið fái boð á Fimleikaping sem gestur þegar þar eru rædd mál fimleikadómara.

Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar, hvetur félögin til að vera dugleg að manna þingið, það sé mikilvægt að félögin sendi fulltrúa og fulltrúar allra nefnda mæti á þingið þar sem þetta er okkar

vettvangur til að tala saman. Minnir á ábyrgð okkar gagnvart iðkendum og því að von sé á einhverju regluverki frá hinu opinbera sem þarf að huga strax að að vinna eftir. Við þurfum félögin til að vinna með okkur í að bjóða fimleika fyrir alla. Skorar á stjórn að velja í nefndir fólk sem hefur reynslu, þekkingu og áhuga á málefnum.

Óskar öllum til hamingju með afmælið og heimsmetið.

19 Ávarp formanns

Formaður Fimleikasambandsins þakkar þingfulltrúum fyrir komuna á þingið og fagnefndunum og starfsfólki sambandsins fyrir sín störf.

20 Þingslit

Þingi slitið klukkan 15:40.



Viðhengi 1

Þingskjal nr. 1

Tillaga frá Stjórn FSÍ um breytingu á mótagjöldum. Tillagan er í tveimur útfærslum og lagt er til að báðar útfærslur komi til umræðu.

Dómaragreiðslur hafa verið í eldlínunni undanfarna mánuði og tók stjórn FSÍ fyrstu skrefin, haustið 2017, í yfirtöku á greiðslum til dómara. Nú hafa rauntölur verið reiknaðar og komið að því að skref 2 verði tekið. Skref 2 felst í því að fella kostnað við dómara inn í mótagjald til einföldunar.

Eftir tímabilið 2017-18 kom eftirfarandi í ljós:

Kostnaður við dómara á hvern iðkanda á mótum vetrarins var svofelldur:

Stökkfimi	750 kr.
Hópfimleikar	1.415 kr.
Áhaldafimleikar	3.234 kr.
Vegið meðtalt	1.974 kr.

Til umræðu á þingi er hvort sá hluti mótagjalds sem ætlað er að standa straum af kostnaði við dómara skuli ákvarðaður miðað við raunkostnað eða meðaltalskostnað þannig að mótagjald verði hið sama í öllum keppnisgreinum. .

Útfærsla 1:

Grein	Kostn.við dómara	Mótagj.	ca 5%	Alls
Stökkfimi	750 kr.	2.600 kr.	150 kr.	3.500 kr.
Hópfimleikar	1.415 kr.	2.600 kr.	185 kr.	4.200 kr.
Áhaldafimleikar	3.234 kr.	2.600 kr.	166 kr.	6.000 kr.

Útfærsla 2:

	Kostn. við dómara	Mótagj.	ca 5%	Alls
Allar greinar	1.974 kr.	2.600 kr.	326 kr.	4.900 kr.

Þetta einfaldar greiðslur á milli félaga og sambandsins. Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við þær greiðslur sem sambandið greiddi dómurum síðast liðinn vetur.



Viðhengi 2

Pingskjal nr. 3

Áætlun ársins 2019

	Skýr.	2019	2018	2017	2016
Rekstrartekjur:					
Styrkir og framlög		58.600.000	60.551.435	51.787.474	45.217.819
Innlend mót og sýningar		42.549.658	41.110.781	39.720.561	36.792.503
Alþjóðleg mót og sýningar		69.471.166	96.342.573	18.812.721	70.482.213
Námskeið og fræðsluefni		10.682.865	10.321.609	9.972.569	2.424.000
Leyfiskerfi		24.441.473	23.614.950	21.321.200	27.157.050
Aðrar tekjur		1.500.000	1.500.000	1.356.135	0
Rekstrartekjur samtals		207.245.162	233.441.348	142.970.660	182.073.585
Rekstrargjöld:					
Rekstargjöld		50.897.102	48.705.361	46.608.001	35.491.839
Innlend mót og sýningar		38.725.830	37.058.211	35.540.856	29.765.119
Alþjóðleg mót og sýningar		94.053.330	124.643.386	42.889.876	91.916.021
Námskeið og fræðsluefni		7.264.800	8.072.000	10.966.142	11.066.176
Leyfiskerfi		5.007.604	4.861.751	1.740.539	1.146.381
Önnur gjöld		3.464.974	4.622.259	2.144.760	3.553.548
Afskriftir		3.000.000	2.522.442	0	807.540
Rekstrargjöld samtals		202.413.640	230.485.410	139.890.174	173.746.624
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnslíði		4.831.523	2.955.938	3.080.486	8.326.961
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur		562.778	640.827	388.942	606.640
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(168.514)	(191.885)	(116.462)	(318.646)
Hreinar fjármunatekjur		272.480	272.480	272.480	287.994
Afkoma fyrir óreglulega líði		5.104.003	3.228.418	3.352.966	8.614.955
Óreglulegir líðir:					
Niðurfærsla erlends láns					
Óreglulegir líðir samtals					
Hagnaður fyrir tekjuskatt		5.104.003	3.228.418	3.352.966	8.614.955
Tekjuskattur					
Hagnaður ársins		5.104.003	3.228.418	3.352.966	8.614.955

Viðhengi 3

Pingskjal nr. 4

2018			
23.jún	23.jún	YOG qualification (Forkeppni fyrir Ólympíuleika æskunnar)	Baku, Azerbaijan
1.júl	2.júl	NM í áhaldafimleikum	Danmörk
15.júl	19.júl	EuroGym sýningahátíð	Liege, Belgía
1.ágú	5.ágú	EM í áhaldafimleikum	Glasgow, Skotland
8.ágú	12.ágú	EM í áhaldafimleikum	Glasgow, Skotland
16.sep	21.sep	Golden Age sýningahátíð	Pesaro, Ítalía
21.sep	23.sep	Heimsbikarmót í áhaldafimleikum	Szombathely, Ungverjaland
29.sep	30.sep	Heimsbikarmót í áhaldafimleikum	París, Frakkland
25.okt	3.nóv	HM í áhaldafimleikum	Doha, Qatar
nóv	nóv	Norrænn fræðslu og þróunarfundur	Noregur
6.okt	18.okt	YOG, Ólympíuleikar æskunnar	Buenos Aires, Argentína
22.nóv	25.nóv	Heimsbikarmót í áhaldafimleikum	Cottbus, Pýskaland
9.nóv	10.nóv	TopGym	Brussel, Belgíu
15.okt	21.okt	EM í hópfinleikum	Odivelas, Portúgal
2.des	3.des	FIG þing	Baku, Azerbaijan
2019			
Mars	Apríl	NM í áhaldafimleikum	Svíþjóð
23.mar	24.mar	Íslandsmót í áhaldafimleikum	Laugardalshöll
10.apr	14.apr	EM í áhaldafimleikum - KVK, liðakeppni	Szczecin, Pólland
10.apr	14.apr	EM í áhaldafimleikum - KK, liðakeppni	Szczecin, Pólland
4.apr	6.apr	Heimsbikarmót í áhaldafimleikum	Tokyo, Japan
Apríl	Apríl	UEG communication seminar	Lausanne, Sviss
18.maí	18.maí	Deildarmeistaramót í hópfinleikum	Laugardalshöll
5.apr	7.apr	Berlin Cup	Berlin, Pýskaland
19.maí	22.maí	FIG Collogium	Dornbirn, Austurríki
Júní	Júní	Flanders, áhaldafimleikar, liðakeppni	Belgía
7.júl	13.júl	Gymnastrada	Dornbirn, Austurríki
26.jún	2.júl	Norrænn formanna og framkvæmdastjóra fundur	Svíþjóð
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið - Hópfinleikar	Svíþjóð
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið - Áhaldafimleikar	Terrania, Ítalía
20.júl	28.júl	EYOF	Baku, Azerbaijan
sept	sept	NEM í áhaldafimleikum	Wales, Bretland
sept	sept	Heimsbikarmót	Szombathely, Ungverjaland
sept	sept	Heimsbikarmót	París, Frakkland
26.jún	2.júl	Norrænn fræðslu og þróunarfundur	Svíþjóð
4.okt	13.okt	HM í áhaldafimleikum, liðakeppni	Stuttgart, Pýskaland
21.nóv	24.nóv	Heimsbikarmót	Cottbus, Pýskaland
nóv	nóv	TopGym	Brussel, Belgíu
nóv	nóv	NM í hópfinleikum	Noregur
15.nóv	16.nóv	UEG þing	Sofía, Búlgaría